



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

179. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja

5. júní 1993

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Gísli Torfason, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Guðnason, Jón Ingi Baldursson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Dagskrá:

1. Kennararáðningar.
2. Bréf frá Listskreytingasjóði ríkisins.
3. Umsóknir sviðsstjóra.
4. Brautskráning.
5. Önnur mál.

1. Kennararáðningar.

Þrjár umsóknir bárust um stöðu íslenskukennara. Skólanefnd mælir með ráðningu Ólafs Grétars Kristjánssonar.

2. Bréf frá Listskreytingasjóði ríkisins.

Borist hefur bréf frá stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins þar sem hafnað er verki Erlings Jónssonar, sem listskreytinganefnd skólans hafði valið. Skólanefnd harmar málalok og ákveður að ræða málið við menntamálaráðherra og mótmæla. Jafnframt ákveður nefndin að óska eftir viðræðum við stjórn sjóðsins um útboð á listaverki fyrir skólann og framkvæmd þess.

3. Umsóknir sviðsstjóra.

Skólanefnd mælir með ráðningu Þórs Ásgeirssonar sem sviðsstjóra stærðfræði og raungreina og Ólafs Sigurðssonar á tæknisviði.

4. Brautskráning V93.

Brautskráning vorannar 1993 fór fram með hefðbundnum hætti þann 22. maí s.l. Alls útskrifuðust 76 nemendur og skiptust þeir þannig eftir byggðarlögum og brautum:

38 frá Keflavík, 10 frá Njarðvík, 7 frá Grindavík, 6 frá Sandgerði, 3 frá Garði, 2 frá Vogum og 1 frá Höfnum. Skiptinemar voru 2 og 7 nemendur

voru annars staðar af landinu.

5 útskrifuðust af netagerðabraut, 1 af vélstjórnarbraut, 14 úr meistaraskóla, 15 af iðnbrautum, 1 af sjúkraliðabraut, stúdentar voru 36 og 3 útskrifuðust af tveggja ára bóknámsbrautum.

5. Önnur mál.

- a) Borist hefur bréf frá Huldu Björk Þorkelsdóttur þar sem hún segir upp stöðu sinni sem deildarstjóri bókasafns FS. Henni þökkueð vel unnin störf og ákveðið að ráða Guðmann Kristþórsson í hennar stað.
- b) Innritun nýnema er lokið. Ákveðið að bjóða upp á námsstyrki eins og á síðustu önn og tilkynna það í bréfi sem sent verður með gíróseðlinum fyrir innritunargjöldum og minna jafnframt á skiptibókamarkað útskriftaraðals á notuðum kennslubókum.

Fleira ekki gert og fundi slitið



Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður.



Hulda Björk Þorkelsdóttir,
fundarritari.

SKÓLANENFDARFUNDUR 5. JÚNÍ 1993

1. Kennararáðningar.

Starf íslenskukennara. Umsækjendur eru þrír:

Vigfús Geirdal, MA í ísl. og sögu. UK. Kennslureynsla í grunn- og framhaldsskóla. Yfirleitt eitt ár á hverjum stað. Skólastjóri á Flateyri í þrjú ár. 44 ára.

Þröstur Helgason. MA-próf í íslensku vor 1993. Ekki UK. Engin kennslureynsla. 25 ára.

Ólafur Grétar Kristjánsson. BA í íslensku vor 1993. Sveinsspróf í járnsmíði. Ekki UK. Engin kennslureynsla. 35 ára.

2. Bréf Listskreytingasjóðs ríkisins.

3. Umsóknir sviðsstjóra.

Stærðfræði og raungreinar: Þór Ásgeirsson.

Tæknisvið: Ólafur Sigurðsson.

4. Brautskráning.

Fór fram á sal skólans þann 22. maí s.l. að viðstöddu fjölmenni.

Nemendur skiptust þannig eftir byggðarlögum:

Keflavík	38
Njarðvík	10
Grindavík	7
Sandgerði	6
Garður	3
Vogar	2
Hafnir	1
Skiptinemar	2
Aðrir	7

Alls 76

Eftir brautum:

Netagerð	4
Skiptinemar	2
Vélstjórn	1
Meistaraskóli	13
Iðnbrautir	15
Sjúkraliði	1
Stúdentar	36
Tveggja ára bókn.	3